

Skýrsla stjórnar

Stjórn SKÍ fyrir árið 2011-2012 skipuðu

Páll Grétarsson formaður, Guðmundur Jakobsson varaformaður, Óskar Garðarsson gjaldkeri, Björn Gunnarsson ritari, Arnar Gauti Reynisson, Árni Rudólf Rudólfsson og Birgir Gunnarsson meðstjórnendur. Í varastjórn sátu Dagný Linda Kristjánsdóttir, Helgi Geirharðsson og Óskar Óskarsson.

Stjórnin hélt níu bókaða fundi á starfsárinu og voru þeir allir haldnir á höfuðborgarsvæðinu að utan tveir, sem haldnir voru á Akureyri. Bæði aðalmenn og varamenn voru boðaðir til allra funda stjórnar. Auk formlegra funda eru stjórnarmenn í tölvu- og símasambandi um málefni hreyfingarinnar, sumir daglega og jafnvel oft á dag þegar þörf krefur, aðrir sjaldnar.

Starf Skíðasambands Íslands er drifið áfram af starfi nefnda sambandsins og stjórnarfundir í raun fyrst og fremst vettvangur samstarfs og ákvarðanatöku. Hér að neðan er stiklað á stóru í helstu verkefnum vetrarins. Ítarlegri upplýsingar um starfið er að finna í skýrslum nefnda.

Alpagreinar

Segja má að við höfum í upphafi starfsársins staðiði á tímamótum. Bæði Björgvin Björgvinsson og Íris Guðmundsdóttir skíðafólk ársins 2010 tóku þá ákvörðun um að leggja skíðin á hilluna og hætta keppni. Björgvin lét hafa eftir sér að hans helsta ástæða væri mikill kostnaður og ónógur stuðningur Skíðasambands Íslands. Íris hætti einnig vegna mikils kostnaðar auk þess sem þrálát meiðsli settu striki í reikninginn hjá henni.

Það er óhætt að taka undir með Björgvin og Írisi. Kostnaður íslenskra skíðamanna sem setja stefnuna á að ná árangri á alþjóðlega vísu er óheyrilegur, því verður ekki á móti mælt. Kostnaðarskipting hefur um árabil verið með þeim hætti að Skíðasambandið greiðir kostnað við þjálfara og skipulag en landsliðsfólkið okkar stendur sjálfst undir kostnaði við eigin ferðir og uppihald.

Árni Þór Árnason var ráðinn landsliðsþjálfari alpagreina. Í lok tímabils reyndist ekki grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarfi við Árna og var samstarfssamningi við hann sagt upp í lok mars. Árna er þakkað hans framlag til landsliðsins á liðnum vetri.

Fjalar Úlfarsson hefur nú verið ráðinn landsliðsþjálfari alpagreina með aðsetur á Akureyri. Þar með stigið enn eitt skrefið í þá átt að grunnútgerð landsliðs í alpagreinum fari fram á Íslandi með nauðsynlegu ívafi æfinga- og keppnisferða þar sem landsliðin sækjast eftir bestu mögulegu aðstæðum hverju sinni. Fjalar er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að skíðamálum og er einn af reyntlumestu þjálfurum landsins. Stjórn SKÍ bindur miklar vonir við störf Fjalars fyrir sambandið og hvetur hreyfinguna til að fylkja sér nú að baki nýjum landsliðsþjálfara og styðja hann með ráðum og dáð til góðra verka.

Skíðaganga

Verkefni skíðagöngumanna voru hefðbundin á árinu. Það er kraftmikill en því miður allt of fámennur hópur sem heldur úti skíðagöngustarfi sambandsins. Ágætt samstarf við Linus Davidsson landsliðsþjálfara hefur reynst sambandinu farsælt og mikilvægt að tryggja að framhald verði á.

Fræðslumál

Fræðslunefnd vann á árinu að gerð fræðsluefnis og fékk til verkefnisins styrk úr Íþróttasjóði. Mikilvægt er að stíga fleiri markviss skref í þá átt að koma fræðslumálum SKÍ í fastan farveg og tryggja námskeiðahald á vegum sambandsins til framtíðar. Haldin voru þjálfaranámskeið í skíðagöngu og alpagreinum og voru þau vel sótt.

Fagteymi SKÍ

Stjórn SKÍ ákvað í árslok 2011 að stofna fagteymi sem er annars vegar ætlað að vera SKÍ og aðildarfélögum þess til ráðgjafar t.d. um áherslur í forvarnarstarfi og fræðslu um lyfjamál og hins vegar að liðsinna og eftir atvikum meðhöndla landsliðsfólk sem leita til aðila ráðsins.

Björn Gunnarsson hefur haft forgöngu um verkefnið en ráðið skipa auk hans, Helgi Steinar Andrésen og Mundína Kristinsdóttir sjúkráþjálfarar, Hugrúnar Kristjánsdóttur sálfræðingur og Steinars B Aðalbjörnssonar næringarfræðingur. Starf teymisins er enn í mótun.

Mótamál

Snjóalög í vetur voru ágæt víðast hvar. Opnun Skálafells var sérstakt ánægjuefni og er ástæða til að hrósa Skíðadeild KR sérstaklega fyrir kraft og dugnað í baráttunni um að fá skíðasvæðið í Skálafelli opnað að nýju.

Bikarmót SKÍ í alpagreinum og skíðagöngu voru haldin með hefðbundnum hætti. Nokkuð var um röðun móta í alpagreinum væri breytt þannig að keppt var tvisvar í sömu grein á hverri mótahelgi í stað hefðbundinnar uppröðunar þar sem keppt er í svigi og stórsvigi. Það fyrirkomulag þótti takast ágætlega og hafa marga kosti. Mótanefnd SKÍ er með til skoðunar að festa það fyrirkomulag í sessi.

Skíðamót Íslands var haldið í Hlíðarfjalli og tókst mótið í alla staði mjög vel. Skíðafélag Akureyrar hefur um langt árabil lagt mikinn metnað í mótahald og var SMÍ 2012 þar engin undantekning.

Unglingameistaramót Íslands var haldið á Ísafirði og var framkvæmd þess til fyrirmyndar.

Andrésar Andar leikar áttu sinn fasta sess í mótaskrá vetrarins. Leikarnir eru órjúfanlegur hluti af þroskastiga íslenskra skíðamanna sem flestir stíga sín fyrstu spor í skíðakeppni með þátttöku á Andrés. Þessi mikla fjölskylduhátið hefur um áratuga skeið skilað Skíðafélagi Akureyrar og Skíðasambandinu og þar með skíðahreyfingunni allri drjúgum tekjum í formi mótagjalda. Það er mikilvægt að skíðahreyfingin standi saman vörð um Andrés til framtíðar.

Fossavatnsgangan er elsta skíðamót á Íslandi en hún fór fyrst fram árið 1935. Gangan hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hátíð skíðagöngumanna um leið hún er annað af tveimur fjölmennustu skíðamótum landsins. Keppendur í ár voru á fjórða hundrað.

Fjármál

Eins og reikningar sambandsins bera með sér hafa umsvifin farið heldur minnkandi en um leið hefur tekist að tryggja nokkurn hagnað af rekstri sambandsins. Eigið fé sambandsins er nú jákvætt um nærri 6 milljónir króna.

Til lengri tíma litið er það ekki keppikefli að safna sjóðum en um leið mikilvægt að fjárhagur sambandsins sé tryggður. Það gefur okkur vonandi tækifæri til að styðja ögn betur við bakið á okkar besta skíðafólki. Stefnt er að því að þátttaka landsliðsfólks á stórmótum verði þeim að mestu að kostnaðarlausu á komandi ári þó áfram beri þeir allan kostnað af eigin útgerð í tengslum við æfingar og keppni að öðru leiti.

Fjárhagsnefnd vann að öflun nýrra styrktaraðila á starfsárinu og endurgerð samninga við aðra. Þá kom fjárhagsnefnd að útgáfu skíðahandbókarinnar sem er verkefni sem fest hefur sig í sessi og skilar hagnaði.

Skíðasambandið er skuldlaust og ekki um neinar langtíma skuldbindingar að ræða.

Útbreiðslumál

World Snow Day – Alþjóðlegi snjódagurinn var haldinn hátíðalegur í fyrsta skipti í vetur. Stjórn SKÍ svaraði kalli Alþjóða Skíðasambandsins FIS um þátttöku í verkefninu. Þó fyrirvarinn væri stuttur tókst verkefnið ágætlega og gefur ágæt fyrirheit um framhaldið. Með sameinuðu átaki SKÍ, skíðafélaganna, skíðasvæðanna og styrktaraðila tókst okkur að gera daginn eftirminnilegan. Vonandi tekst okkur að þróa verkefnið áfram og tryggja að það reynist lyftistöng fyrir skíðaíþróttina á Íslandi til framtíðar.

Mannanna verk

Í lok vetrar lagði Skíðaráð Reykjavíkur fram kæru á hendur Skíðasambandi Íslands vegna útreiknings á bikarstigum í 15-16 ára flokki í alpagreinum. Málið snerist um hvaða mót ættu að koma til útreikings bikarstiga vetrarins og á rætur sínar að rekja til mistaka sem urðu við framsetningu upplýsinga um stöðuna í bikarkeppni SKÍ.

Dómur féll í málinu síðastliðinn mánudag. Er skemmst frá því að segja að Skíðadómstóll tók undir sjónarmið SKRR í málinu og dæmdi stefnanda í vil. Í dómnum er lagt fyrir stjórn SKÍ að breyta útreikningi bikarstiga í flokki 15-16 ára þannig að seinna svigmót á Ísafirði skuli tekið með í útreikninginn. Ekki verður annað ráðið af dómsorði en að þessu móti skuli bætt við fyrri útreikning og því komi ½ móti fleira til útreiknings en reglugerðir SKÍ gera ráð fyrir.

Niðurstaða dómsins leiðir til þess að endurreikna þarf bikarstig vetrarins og við fyrstu skoðun sýnist líklegt að úrslit í bikarkeppninni í þessum aldursflokki breytist við það.

Fram kom á síðasta fundi stjórnar SKÍ þennan sama dag að stjórnin er ósammála niðurstöðu dómstólsins en mun una dómnum, enda ótækt að stjórn sérsambands áfrýji niðurstöðu eigin dómstóls til æðra dómstigs íþróttahreyfingarinnar. Þá má gera ráð fyrir því að fleiri kærur gætu borist úr hreyfingunni þegar úrslit bikarkeppinnar verða endurreiknuð.

Gaman og alvara

Skíðahreyfingin eins og aðrir angar íþróttahreyfingarinnar samanstendur að stofni til af iðkendum og sjálfboðaliðum. Iðkendurnir verða með tímanum keppendur sem setja sér markmið og leggja hart að sér til að ná þeim. Þeir sem mest leggja á sig uppskera bæði mest og best. Þannig eru íþróttirnar.

Margir sjálfboðaliðanna í íþróttahreyfingunni eru fyrrum keppendur og/eða foreldrar sem komið hafa til liðs við íþróttahreyfinguna í gegnum börnin sín. Sumir láta sér nægja að fylgja börnunum sínum eftir og vinna hreyfingunni um leið gagn með þeim hætti. Aðrir hafa mikinn metnað fyrir hönd barna sinna og eru tilbúnir til að leggja á sig mikla vinnu og oft á tíðum þungar fjárhagslegar byrðar til þess að tryggja framþróun þeirra í íþróttunum. Enn aðrir veljast til trúnaðarstarfa í íþróttafélögum, héraðssamböndum, íþróttabandalögum eða sérsamböndum. Þetta er íþróttahreyfingin í hnotskurn.

Mikilvægt er að allir þessir aðilar snúi bökum saman og styðji hver annan. Sundrung og niðurrif gera ekkert annað en skaða íþróttahreyfinguna og þar með möguleika barnanna okkar og barnabarna á að njóta þess mikilvæga uppeldis sem í íþróttunum felst.

Lokaorð

Að endingu vil ég þakka meðstjórnarmönnum mínum, nefndarmönnum og skíðahreyfingunni allri fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Þá er framkvæmdastjóra sambandsins þökkud óeigingjörn störf í þágu hreyfingarinnar.

F.h. stjórnar SKÍ

Páll Grétarsson, formaður.

Skýrsla alpagreinaneftndar

Starfsár alpagreinaneftndar hófst að loknu skíðþingi í maí. Í nefndinni sátu: Arnar Gauti Reynisson formaður, Einar Þór Bjarnason, Helga Björk Árnadóttir, Sindri Már Pálsson og Ögmundur Knútsson.

Á skíðþingi 2011 kynnti alpagreinaneftnd afreksstarf SKÍ fyrir komandi vetur. Helstu atriði voru eftirfarandi:

- Ráða landsliðspjálpara
- Kynna áætlun landsliðs
- Kynna forsendur fyrir vali í landslið og unglíngalandslið
- Tillaga um fagteymi SKÍ fyrir landsliðsmenn

maí

Í maí var auglýst eftir landsliðspjálpara og í framhaldi af því var Árni Þór Árnason ráðinn.

júlí

Í júlí var tilkynnt val á landsliði og unglíngalandsliði. Í unglíngalandslið voru valdir 4 bestu í svigi og stórsvigi skv. FIS lista sem voru gjaldgengir á HM unglínga 2012 og voru það:

Arnar Geir Isaksson Akureyri	Freydís Halla Einarsdóttir Reykjavík
Einar Kristinn Kristgeirsson Reykjavík	Erla Ásgeirsdóttir Kópavogi
Magnús Finnsson Akureyri	Erla Guðný Helgadóttir Reykjavík
Róbert Ingi Tómasson Akureyri	Helga María Vilhjálmisdóttir Reykjavík
Unnar Már Sveinbjarnarson Dalvík	Thelma Ruth Jóhannsdóttir Isafirði

Í landslið SKÍ 2011-2012 völdu landsliðspjálpari og alpagreinaneftnd:

Björgvin Björgvinsson Dalvík	Faney Guðmundsdóttir Reykjavík
Brynjar Jökull Guðmundsson Reykjavík	Katrín Kristjánsdóttir Akureyri
Jakob Helgi Bjarnason Dalvík	María Guðmundsdóttir Akureyri
Sigurgeir Halldórsson Akureyri	
Sturla Snær Snorrason Reykjavík	

Því miður kaus Björgvin Björgvinsson að leggja skíðin á hilluna og tilkynnti hann það opinberlega í júlí og var því ekki lengur í landsliði SKÍ.

ágúst

Í ágúst kom landslið og unglíngalandslið saman í Reykjavík. Hafrún Kristjánsdóttir íþróttasálfræðingur flutti mjög áhugaverðan fyrirlestur fyrir liðsmenn um andlega þáttinn í íþróttum. Landsliðspjálpari var með þrekpróf í Laugardal helgina 13. – 14. ágúst og einnig voru gerðar stökkkraftsmælingar á liðsmönnum í samstarfi við Einar Einarsson hjá Kine. Fyrsta skíðaæfingin undir stjórn landsliðspjálpara var á Snæfellsjökli í lok ágúst og voru bæði landsliðsmenn og unglíngalandsliðsmenn á henni. Alls fengust þarna fjórir skíðadagar við framúrskarandi aðstæður. Notast var við vélsleða til að ferja menn og búnað og gist var í góðu yfirlæti á Hótel Ólafsvík. Landsliðspjálpari naut aðstoðar Bjarna Th. Bjarnasonar, Snorra Guðmundssonar, Árna Sæm, Helga Geirharðs og Gumma Kobba og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir aðstoðina. Ljóst er að aðstaða til sumarskíðunar er fyrir hendi á Íslandi og er umtalsvert ódýrara að nýta sér hana en að fara erlendis.

september

Um miðjan september fór landsliðið í tíu daga æfingarferð til Stelvio á Ítalíu. Aðbúnaður var góður og aðstæður til æfinga einnig. Bjarni Th. Bjarnason var aðstoðarmaður í ferðinni og er honum þakkað fyrir hjálpina.

október

Um miðjan október fór landsliðið og unglíngalandsliðið í tveggja vikna æfingarferð til Mölltal í Austurríki. Veður var upp og ofan fyrstu dagana og skíðadagar sem féllu niður nýttir til þrekæfinga í staðinn. Heilt yfir tókst ferðin vel og stóð hópurinn sig mjög vel við æfingar. Aðstoðarmaður í ferðinni var Jón Viðar Þorvaldsson og er honum þakkað fyrir hjálpina.

nóvember

Um miðjan nóvember kom landsliðsþjálfarinn til Íslands og ráðgert var að æfa norðanlands en veðurguðirnir reyndust okkur óhliðhollir og ekki var unnt að komast á skíði. Af þeim sökum var haldið til Geilo í Noregi síðari hluta nóvember og æft þar.

desember

Keppnistímabil flestra liðsmanna hófst ekki fyrr en í byrjun desember vegna erfiðs tíðafars. Fyrstu mót í Noregi voru í Geilo þar sem María Guðmundsdóttir og Helga María Vilhjálmisdóttir mættu sterkar til leiks. María var í 4. sæti í svigi í einu mótanna og gerði 38,8 FIS punkta og Helga María varð í 10. sæti í svigi í sama móti og gerði 46,1 FIS punkt. Glæsileg byrjun á tímabilinu. Á sama stað náði Magnús Finnsson bestum árangri karla þegar hann varð í 17. sæti í svigi og gerði 67,8 FIS punkta.

Í byrjun desember var tilkynnt að Jakob Helgi Bjarnason og Helga María Vilhjálmisdóttir yrðu fulltrúar SKÍ í alpagreinum á Ólympíuleikum ungmenna í Innsbruck.

Um miðjan desember þreytti Brynjar Jökull Guðmundsson frumraun sína í svigi í Evrópubikar þegar hann keppti í Trysil í Noregi. Brynjar skilaði sér í mark og hafnaði í 38. sæti. Sigurgeir Halldórsson keppti í tveimur risasvigmótum í Hemsedal í Noregi og gerði 57 og 55 punkta sem eru hans bestu til þessa. Jakob Helgi Bjarnason hóf keppnistímabil sitt í Sexten á Ítalíu með keppni í tveimur svigmótum þar sem hann gerði 48,2 og 52,7 punkta.

Í lok desember fór fram fyrsta mótið á Íslandi á Akureyri, keppt var tvisvar í svigi og sigruðu Brynjar og Jakob hjá körlunum og Katrín Kristjánsdóttir og Helga María hjá konunum.

Alls telst til að fyrir áramót hafi SKÍ staðið fyrir um 40 skíðadögum hjá sínum landsliðsmönnum. Það er vel viðunandi miðað við hversu erfitt tíðafarið var.

janúar

Í byrjun janúar náði María Guðmundsdóttir bestu úrslitum vetrarins af okkar skíðafólki. Á FIS mótum í Oppdal náði hún þeim árangri að gera 27 FIS punkta í bæði svigi og stórsvigi.

Vetrarólympíuleikar ungmenna voru settir í Innsbruck 13. janúar 2012. Helga María og Jakob Helgi kepptu þar fyrir Íslands hönd í alpagreinum. Helga María var í 15. sæti í tvíkeppni, í stórsvigi varð hún í 21. sæti og í svigi náði hún glæsilegum árangri og varð í 8. sæti. Jakob var í 19. sæti í risasvigi en lauk ekki keppni í stórsvigi og var dæmdur úr leik í keppni í svigi.

Landsliðsþjálfari fór í lok janúar í ferð á Evrópubikar kvenna með Maríu Guðmundsdóttur og Katrínu Kristjánsdóttur. Keppt var á fimm mótum í Frakklandi, Sviss og Ítalíu. María náði bestum árangri í svigi í San Candido á Ítalíu þegar hún vann sér þátttökurétt í síðari umferð og hafnaði í 51. sæti. Þessi mótasería var góður skóli

fyrir stelpurnar og voru þessi Evrópubikarmót eins og þau verða sterkust á hverju ári. Stelpurnar sem voru að vinna þessi mót eru í topp 10 í Heimsbikar.

febrúar

Í febrúar var haldið til í Svíþjóð. Okkar landsliðsmenn kepptu á nokkrum mótum og náði Sturla Snær Snorrason besta árangri vetrarins hjá körlum þegar hann varð í 15. sæti í svigi í Gopshus í Svíþjóð og fékk fyrir það 36,3 FIS punkta.

mars

Tilkynnt var um val á keppendum í alpagreinum á HM unglunga í byrjun feb. Valið var með sama hætti og valið var í unglungalandslið. Fjórir bestu af hvoru kyni í svigi og stórsvigi skv. FIS lista. Eftirtaldir voru valdir: María Guðmundsdóttir Akureyri, Helga Maríu Vilhjálmsdóttir Reykjavík, Erla Ásgeirsdóttir Breiðablik, Freydís Halla Einarsdóttir Reykjavík, Jakob Helgi Bjarnason Dalvík, Sturla Snær Snorrason Reykjavík, Magnús Finnsson Akureyri, Einar Kristinn Kristgeirsson Akureyri og Arnar Geir Ísaksson Akureyri. Jakob og Sturla gáfu ekki kost á sér og kom Unnar Sveinbjörnsson Dalvík inn í þeirra stað. Landsliðsþjálfari fór fyrir hópnum og honum til aðstoðar var Fjalar Úlfarsson og er honum þökkun hjálpin.

HM unglunga fór fram í Roccarasso á Ítalíu. Þetta skíðasvæði stendur nokkuð sunnarlega á Ítalíu og báru aðstæður þess merki. Hjá stelpunum hafði mikill hiti talsverð áhrif á brautirnar, færið var blautt og erfitt reyndist fyrir þær sem voru með hærri startnúmer að ná góðum úrslitum. Erla Guðný var sú eina sem skilaði sér í mark í svigi af íslensku stelpunum og hafnaði hún í 32. sæti. Í stórsvigi skilaði Helga María sér í mark í 59. sæti og Thelma Rut í 63. sæti. Helga María var sú eina sem keppti í hraðagreinum og í risasvigi hafnaði hún í 39. sæti. Keppni í brunni var aflýst. Hjá strákunum hafnaði Einar Kristinn í 59. sæti í stórsvigi og Arnar Geir í 61. sæti. Í svigi varð Einar í 36. sæti, Magnús í 39. sæti, Arnar í 40. sæti og Unnar í 51. sæti.

Topolino leikarnir eru eina barnamótið sem SKÍ hefur á sinni könnu. Þátttakendur voru valdir eftir árangri undangengis árs og kepptu þau: María Eva Eyjólfsdóttir Reykjavík, Elísa Arna Hilmarsdóttir Reykjavík, Fanney Isaksdóttir Akureyri, Arnar Ingi Kristgeirsson Reykjavík, Arnar Birkir Dansson Akureyri og Atli Snær Jóhannsson Kópavogi fyrir hönd Íslands. Bestum árangri náði María Eva Eyjólfsdóttir í svigi þegar hún varð í 9. sæti sem er frábær árangur. Þjálfari og verkefnisstjóri var Þórður Hjörleifsson og var Eyjólfur fararstjóri, er þeim báðum þakkað kærlega fyrir sitt framlag.

apríl

Skíðamót Íslands fór fram á Akureyri um mánaðarmótin mars apríl. Íslandsmeistarar í stórsvigi urðu Jakob Helgi Bjarnason og Katrín Kristjánsdóttir og Íslandsmeistarar í svigi urðu Sigurgeir Halldórsson og María Guðmundsdóttir. Því miður varð María Guðmundsdóttir fyrir því óláni að detta í stórsvigi og slasa sig. Reikna má með að hún verði fjarverandi frá skíðum fram yfir næstu áramót.

Í apríl hafa okkar liðsmenn verið að keppa á síðustu mótum tímabilsins hér heima og erlendis. Helga María Vilhjálmsdóttir náði góðum árangri á norska unglingameistaramótinu þar sem hún varð í 6. sæti og fékk fyrir það 39,8 FIS punkta. Icelandair Cup fór fram í Bláfjöllum og Skálafelli og sigruðu Gísli Rafn Guðmundsson og Helga María Vilhjálmsdóttir í stórsvigi og Sturla Snær Snorrason og Katrín Kristjánsdóttir í svigi.

Tilkynnt var í apríl að landsliðsþjálfari Árni Þór Árnason hefði látið af störfum. SKÍ þakka Árna Þór samstarfið og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

maí

Í maí er mikilvægt að okkar skíðafólk nýti sér þær aðstæður sem bjóðast á Íslandi til vorskíðunar. Þá gefst tími til að yfirfara og stilla af ýmiss tæknileg atriði sem stundum verða útundan á miðju keppnistímabili. Það er von alpagreinaneftndar að það náist að halda a.m.k. eina sameiginlega landsliðsæfingu í maí.

Að lokum

Afreksstarf SKÍ er viðamikil. Þungi starfsins er í janúar og fram í mars en engu að síður er eitthvað um að vera í hátt í 10 mánuði á ári. Þegar mest er fer starfið fram í nokkrum löndum þar sem liðsmenn SKÍ eru víða staðsettir. Utanumhald hefur verið á hendi landsliðsþjálfara og framkvæmdastjóra SKÍ. Hátt í 20 skíðamenn voru í liðum SKÍ eða tóku þátt í afreksverkefnum SKÍ síðastliðinn vetur. Það er verkefni alpagreinaneftndar að byggja undir þá bestu hverju sinni og reyna að skapa þeim aðstæður til að ná sem lengst. Fyrir þennan vetur var farin sú leið að ráða íslenskan landsliðsþjálfara og var það góð ákvörðun. Við eigum að láta okkar eigin þjálfara þjálfa okkar bestu skíðamenn. Íslenskir þjálfarar fóru einnig með í öll verkefni sem voru á könnu SKÍ og náðu sér fyrir vikið í góða reynslu sem nýtist þeim í störfum þeirra innanlands.

Alpagreinaneftnd þakkar þeim sem komu að starfi nefndarinnar og lögðu hönd á plóg. Einnig er rétt að þakka styrktaraðilum SKÍ fyrir þeirra framlög.

Skýrsla skíðagöngunefndar tímabilið 2011-2012:

Skipan nefndarinnar.

Skíðagöngunefnd er skipuð eftirtöldum aðilum:

Birgir Gunnarsson sem er formaður

Ólafur Björnsson Akureyri

Kristján Hauksson Ólafsfirði

Jakob Einar Jakobsson Reykjavík

Verkefni nefndarinnar eru fyrst og fremst að halda utan um landslið Íslands í skíðagöngu þ.e. velja í liðin, þjálfunarmál, skipuleggja verkefni s.s. samæfingar, keppnisferðir erlendis, aðstoða með búnaðarmál o.fl. Auk þess að koma á framfæri almennri fræðslu og upplýsingum um íþróttina og vinna að útbreiðslu hennar.

Í sumarbyrjun var endurnýjaður samningur við Linus Davidsson um að halda áfram sem landsliðsþjálfari. Linus er búsettur í Ulricehamn í Svíþjóð, fyrrum keppnismaður á skíðum en starfar nú sem kennari við skíðamenntaskóla í Ulricehamn. Einnig sinnir hann fræðslumálum fyrir sænska Skíðasambandið auk þess að sinna annari þjálfun. Linus kom til landsins um Verslunarmannahelgina og var þá boðað til opinnar samæfingar á Hvammstanga. Auk landsliðsmanna bauðst öllu keppnisfólki í skíðagöngu að taka þátt í samæfingunni. Þessu var mjög vel tekið og mætti fjöldi manns á Hvammstanga þ.e. bæði iðkendur og foreldrar með yngri krökkunum. Þetta fyrirkomulag heppnaðist mjög vel og var mæting framar öllum vonum, veðrið lék við hópinn og má telja víst að samæfing með þessu fyrirkomulagi verður endurtekin næsta sumar.

Linus kom svo aftur til landsins í október og hélt fjölmenna samæfingu í Reykjavík. Samhliða samæfingunni hélt hann þjálfaranámskeið sem var vel sótt af skíðagönguþjálfurum af öllu landinu. Samstarfið við Linus hefur verið ánægjulegt og hefur hann nýst afar vel í starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Þar að auki hefur hann tekið að sér samninga um búnaðarkaup fyrir liðið og hafa náðst hagstæðir samningar.

Samningurinn við Linus gerði ráð fyrir að A-liðið yrði með aðsetur í Ulricehamn hluta ársins. Brynjar Leó dvaldi í Ulricehamn frá ágúst og fram í mars en Sævar fór í styttri æfinga og keppnisferðir til Svíþjóðar og Noregs. Þessa dagana standa yfir samningaviðræður við Linus um áframhaldandi samstarf. Það er vilji beggja aðila að halda því áfram og vonast er til að allir endar verði hnýttir að þessu leiti fyrir lok maí.

Landslið.

Nefndin tók þá ákvörðun að velja tvo einstaklinga í A landslið en auk þess að velja yngra lið þar sem miðað yrði við keppendur á aldrinum 16-19 ára. Ekki var valið sérstaklega í unglíngalandslið heldur valinn sú leið að velja ungmenni til þátttöku í einu verkefni á vegum SKÍ. Skipan liðanna keppnistímabilið 2011/2012:

A-landlið: Sævar Birgisson, Ólafsfirði
Brynjar Leó Kristinsson, Akureyri

Yngra lið: Gunnar Birgisson, Mosfellsbæ

Verkefni:

Sem fyrr segir voru haldnar tvær samæfingar undir stjórn Linusar, fyrir bæði lið í ágúst og október. A-liðið var síðan við æfingar og keppni í Svíþjóð og Noregi og var mesta áherslan á þátttöku í FIS mótum. Brynjar Leó hélt áfram uppteknum hætti frá árinu áður og bætti sig mikið á FIS-lista. Hann sýndi að hann hefur tekið miklum framförum og stefnir ótrauður á Ólympíuleikana 2014. Þetta sýndi hann þegar hann gerði sér litið fyrir og fékk 94 FIS stig í síðasta FIS mótinu í vetur. Sá árangur er undir ÓL-lágmörkunum en ná þarf lágmörkum næsta vetur og fram í janúar 2014. Mikilvægt er þó að keppendur okkar sjái að þetta er raunhæfur möguleiki.

Sævar var á Íslandi en fór í styttri keppnisferðir út og tók því ekki þátt í eins mörgum FIS-mótum og Brynjar. Sævar sýndi einnig mjög góðan árangur og náði sínum langbestu FIS punktum á ferlinum og sýnir það að hann hefur haldið vel á spilunum eftir langan tíma með veikindi og meiðsli. Sævar hefur einnig sýnt það á mótum hér heima að hann er á góðu róli. Brynjar tók einnig þátt í SkautaVasa með frábærum árangri og Sævar í Birkebeinerrennet einnig með góðum árangri. Strákarnir fengu góða reynslu í vetur sem mun nýtast þeim í framhaldinu.

Staðan í dag er því sú að við höfum skíðagöngumenn sem hafa raunhæfa möguleika á að ná lágmörkum á stórmót. Langt er síðan við höfum átt skíðagöngufólk á Ólympíuleikum og vonast skíðagöngunefnd eftir að hægt verði að styðja þessa drengi vel fram að Ólympíuleikum. Það er einnig mikilvægt fyrir yngri iðkendur okkar að þeir sjái að þetta er raunhæfur möguleiki og vonandi kveikir þessi góði árangur landsliðsins okkar í vetur í einhverjum.

Stefnt er að svipuðu uppleggi varðandi A-liðið næsta tímabil þ.e. að þeir verði búsettir í Svíþjóð frá september og fram í mars. Langtímamarkmiðin eru að sjálfsgöðu að eiga þátttakendur á næstu Ólympíuleikum. Okkar menn nálgast þau markmið óðfluga og verður spennandi að fylgjast með þeim næsta tímabil. Tíminn til að ná lágmörkum er frá miðju ári 2012 og fram í lok janúar 2014. Næsta vetur er því stefnt að þátttöku þeira Sævars og Brynjars í FIS mótum ásamt því að taka þátt í HM sem fram fer í Val Di Fiemme á Ítalíu í febrúar.

Gunnar Birgisson var valinn af ÍSÍ til þátttöku á Ólympíuleikum Unglinga sem fram fóru í Innsbruck í Austurríki í janúar s.l. Þetta var í fyrsta skipti sem þessir leikar eru haldnir en verða hér eftir á fjögurra ára fresti. Þátttaka á svona leikum er mikil upplifun og mikil reynsla að fá að keppa á svo stóru mótinu við þá bestu í heiminum í sínum aldursflokki. Árangur Gunnars á leikunum var góður.

Í janúar valdi SGN 6 ungmenni til þátttöku í verkefni á vegum SKÍ sem var keppnisferð til Ulricehamn í Svíþjóð. Valið var byggt á ástundun og árangri viðkomandi. Keppt var á mótinu í Ulricehamn og aðstoðaði Linus landsliðsþjálfari við skipulagninu ferðarinnar. Þeir sem valdir voru til þátttöku í verkefninu voru; Gunnar Birgisson, Elena Dís Víðisdóttir, Jónína Kristjánsdóttir, Sindri Kristinsson, Hákon Jónsson og Marinó Sigursteinsson. Gunnar þurfti að hætta við þátttöku vegna meiðsla. Árangur krakkana á mótinu verður að teljast mjög góður. Fararstjóri var Kristján Hauksson.

Markmiðin fyrir yngra liðið næsta tímabil eru m.a. þátttaka í Olympíahátíð Evrópuæskunnar en stefnt er á að senda þangað fjóra keppendur, tvo drengi og tvær stúlkur. Einnig er stefnt á æfinga/keppnisferð fyrir yngra liðið eins og verið hefur.

Staða skíðagöngunnar.

Veturinn var köflóttur fyrir skíðamenn á Íslandi. Nægur snjór en veðurfar ekki nógu hagstætt og á það við um flesta landshluta. Ágætlega tókst til með að halda bikarmót skv. mótaþlani en fresta þurfti einni Íslandsgöngu og aflýsa annarri. Það er hins vegar áhyggjuefni hversu lítil nýliðun er í greininni og þarf hreyfingin virkilega að leggjast yfir það hvernig við því verður brugðist.

Ljóst er að grasrótastarf skíðagöngunnar þarf að eflast þannig að iðkendur haldist lengur í greininni. Brottfall er alltof mikið eftir að keppni á Andrésar Andarleikum lýkur og er það mikið áhyggjuefni. Þátttaka í skíðagöngu á UMÍ er langt frá því að vera viðunandi og þarf greinilega að gera átak í því að halda ungmennum innan greinarinnar áfram eftir að AA þátttöku lýkur. Þátttaka á Andrésarleikumum í ár var nokkuð góð en rúmlega 80 keppendur voru í skíðagöngu á leikumum.

Við eigum í dag mikið af ungu og efnilegu skíðagöngufólki sem við þurfum að hlúa að og hvetja með öllum ráðum. Þáttur í að aðstoða félögin í grasrótastarfinu er að standa fyrir námskeiðum og koma á góðum samskiptum milli félaga og eins milli félaga og Skíðasambandsins. Á námskeiðinu sem Linus Davidsson hélt í Reykjavík í haust var vinna lögð í þetta og komið á vísir að betra samstarfi félaga. Þetta er þó hlutur sem þarf að halda áfram með og vinna betur úr.

Skíðagöngunefnd hvetur mótshaldara í skíðagöngu bæði í Íslandsgöngum og bikarmótum til að vanda til við framkvæmd mótana. Mikilvægt er að mótshaldarar vandi til við umgjörð mótanna og að keppnisvöllurinn sé til sóma. Þarna skipta ýmis smáatriði heilmiklu máli s.s. merking brauta, marksvæði, öflugt hljóðkerfi, spiluð sé músík fyrir start og reynt að skapa þannig skemmtilega og jákvæða stemmingu kringum mótin. Þetta verður síðan til þess að skapa jákvæða upplifun bæði áhorfenda og keppenda og gæti verið leið til að vekja meiri áhuga fjölmiðla.

Skíðagöngunefnd hvetur einnig til þess að mótahald á landsvísu í skíðagöngu verði tekið til endurskoðunar og endurskipulagningar. Í vetur voru á mótaþlani þrjú bikarmót, sex Íslandsgöngur auk UMÍ, SMÍ og AA leika. Þetta gera 12 mótahelgar. Þessu þarf að breyta t.d. í þá veru að Íslandsganga og bikarmót verði á sumum stöðum sett á sömu helgi. Einnig verða menn að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að leggja af UMÍ og fjölga um leið þátttakendum á SMÍ.

Það er afar mikilvægt fyrir framgang og vöxt skíðahreyfingarinnar að við séum vakandi fyrir því að nýta öll tækifæri sem gefast til að minna á okkur í fjölmiðlum landsins. Við þurfum að vera vakandi fyrir því að færa þá viðburði sem við stöndum fyrir nær fólkinu. Einnig er mikilvægt að passa uppá að úrslit móta ásamt umfjöllun og myndum séu send til fjölmiðla. Skíðasambandið þarf einnig að beita sér í því að samskipti og upplýsingamiðlun til fjölmiðla verði gerð skilvirkari með öllum ráðum.

F.h. Skíðagöngunefndar
Birgir Gunnarsson formaður